

Ferjufit, aukin efnistaka – tilkynning til ákvörðunar um matsskyldu, auglýst frá 27.03.2026 til 24.04.2026. - Umsagnir bárust frá 7 aðilum á auglýsingartíma tillögu.

Eftirfarandi eru viðbrögð Landsvirkjunar vegna umsagna:

UMSÖGN	VIÐBRÖGÐ
Heilbrigðiseftirlit Suðurlands 21. apríl	
Gerir enga athugasemd og telur ekki þörf á mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til þeirra viðmiða sem koma fram í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.	Þakkað fyrir umsögn.
Rangárþing Ytra 24. apríl	
Gerir enga athugasemd og telur ekki þörf á máti á umhverfisáhrifum.	Þakkað fyrir umsögn.
Náttúruverndarstofnun 24. apríl	
Gerir ekki athugasemd en bendir á að óvissa er um verndargildi hrauns innan svæðisins og gæta þurfi sérstaklega að votlendisvistgerðum með hátt verndargildi. Eins þurfi að horfa til samlegðaráhrifa með öðrum framkvæmdum á svæðinu, einkum með tilliti til landslag og áýndar. Stofnunin telur ólíklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, að því gefnu að framangreind atriði verði tekin til skoðunar við leyfisveitingar og framkvæmd.	Þakkað er fyrir umsögnina. Bent er á að framkvæmdasvæðið er innan skilgreinds iðnaðarsvæðis. Fyrirliggjandi gögn benda ekki til þess að þar séu verðmætar hraunmyndanir og svæðið er jafnframt utan þeirra svæða sem líklegust teljast til votlendis. Að öðru leyti er vísað til viðbragða við umsögn Náttúrufræðistofnunar.
Náttúrufræðistofnun 24. apríl	
Stofnunin telur ólíklegt að framkvæmdin hafi í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif en leggur áherslu á að við framkvæmdina verði gætt sérstaklega að vistgerðum með hátt verndargildi, einkum votlendi, og að áhrif á vatnshlot og samlegðaráhrif með öðrum framkvæmdum verði höfð til hliðsjónar.	Þakkað fyrir umsögn. Svæðið er innan skilgreinds iðnaðarsvæðis, vistgerðir almennt með lágt eða miðlungs verndargildi, utan starungsmýrarvist. Ekki er talið að sú vistgerð verði innan afmarkaðs framkvæmdasvæðis, við umhverfismat Vaðölduvers að „var niðurstaðan sú að ekkert náttúrufræðilega mikilvægt gróðurvistkerfi á héraðs- eða landsvísu finnst á svæðinu“. Ekki er talið að framkvæmd hafi áhrif á vatnshlot. Áhrifamat vatnshlota verður lagt fram samhliða framkvæmdarleyfisumsón og áhersla lögð á að ekki verða geymd megnandi efni s.s. olíur, umfram það sem er á vinnuvélum hverju sinni.
Vegagerðin 24. apríl	
Gerir ekki athugasemd en ítrekar mikilvægi samráðs vegna flutninga um vegakerfið og bendir á að til viðbótar við samráð og leyfi vegna þunga og stórra flutninga þarf leyfi Vegagerðarinnar fyrir öllum tengingum við þjóðvegi sem og fyrir öllum framkvæmdum og mannvirkjum innan veghelgunarsvæðis. Minnst fjórar einbreiðar brýr eru í næsta nágrenni svæðisins þar sem þungatakmarkanir eru í gildi. Sækja þarf um undanþágu frá Samgöngustofu vegna þungaflutninga á vegum og brúm þar sem sett eru mörk á leyfilegan öxulþunga og heildarflutninga á sólarhring. Vegagerðin leggur einnig áherslu á að farmur sé tryggður áður en ekið er inn á þjóðvegi.	Þakkað er fyrir umsögnina. Framkvæmdaaðili leggur áherslu á áframhaldandi samráð við Vegagerðina vegna mögulegra sértækra flutninga, þar með talið þungaflutninga, eftir því sem við á. Jafnframt er bent á að fyrirhuguð nýting fer að verulegu leyti fram innan skilgreinds iðnaðarsvæðis og hefur því að takmörkuðu leyti áhrif á þjóðvegakerfið.

Land og skógur 30. apríl	
Gerir ekki athugasemd.	Þakkað fyrir umsögn.
Forsætisráðuneytið 7. maí	
Forsætisráðuneytið telur að framkvæmdin sé matsskyld í samræmi við 20. gr laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021 og að aukin efnistaka við Ferjufit eigi að fara í umhverfismat. Ráðuneytið gerir kröfu um að sem minnst raski verði á landslagi, jarðvegi og á landi, að við frágang og á meðan efnistöku stendur verði þess gætt að hafa yfirborð sem líkast aðliggjandi landi og að röskuð svæði verði mótuð í samræmi við landslag. Umgengi um svæðið skal vera til fyrirmyndar á meðan efnistaka fer fram á svæðinu.	Fyrirhuguð framkvæmd er ekki mikil að umfangi eða efnistaka allt að 120.000 m³ sem er vel undir þeim mörkum sem skilgreind eru í viðauka I í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021 um matsskyldu sem eru 500.000m³ og 25 ha. Fyrirhugað svæði er nú þegar raskað og hefur verið nýtt til áratuga auk þess sem svæðið er innan skilgreinds iðnaðarsvæðis Vaðölduvers og í nágrenni við mikið röskuð svæði. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er auk þess lítt áberandi frá Sprengisandsleið sem er aðal ferðaleið um svæðið. Eins og fram kemur í kafla 2.4 í tilkynningu framkvæmdarinnar hyggst framkvæmdaraðili leggja áherslu á góða umgengni á nýtingartíma, lágmörkun rasks og vandaðan frágang við verklok. Framkvæmdaraðili telur að um sé að ræða frekar einfalda stækkun á efnistökusvæði sem nú þegar hefur verið raskað. Aukið magn sé töluvert undir þeim viðmiðum sem skilgreind eru í lögum um matsskyldu og svæðið auk þess innan skilgreinds iðnaðarsvæðis sem hefur takmarkaða sérstöðu. Í ljósi framangreinds er það álit framkvæmdaraðila að fyrirhuguð aukin efnistaka sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum.